

Fimmtudaginn 28. júlí 1988.

Nr. 6/1958. **Hjúkrunarfélag Íslands**

(Gestur Jónsson hrl.)

gegn

Reykjavíkurborg

(Magnús Óskarsson hrl.).

Kjarasamningur. Hjúkrunarfræðingar. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Jónas Gústavsson, Sigurveig Sigurðardóttir og Magnús E. Guðjónsson.

Málið, sem tekið var til dóms 11. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 27. júní sl.

Stefnandi er Hjúkrunarfélag Íslands, nnr. 4185-9849, Suðurlandsbraut 22, Reykjavík.

Stefndi er borgarstjórinn í Reykjavík, Austurstræti 16, Reykjavík, f.h. Reykjavíkurborgar, nnr. 7307-1127.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að hjúkrunarfræðingar, sem eru félagsmenn stefnanda og starfa á barnadeild heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg í Reykjavík, taki laun einum launaflokki ofar en ella vegna ákvæðis 2. mgr. 3. gr. kjarasamnings aðila frá 30. apríl 1987.
2. Að stefnanda verði tildæmdur málskostnaður skv. mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins.

I.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig:

Hinn 24.3.1987 gerðu fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, launamálanefnd Reykjavíkurborgar f.h. borgarsjóðs og yfirstjórn f.h. sjálfseignarstofnunarinnar St. Jósefsspítala annars vegar og Hjúkrunarfélags Íslands hins vegar kjarasamning með venjulegum fyrirvara. Samningurinn var felldur í almennri atkvæðagreiðslu félaga HFÍ hjá Reykjavíkurborg. Þann 30.4. 1987 náðist nýr kjarasamningur milli aðila, og var hann samþykktur í atkvæðagreiðslu félagsmanna í HFÍ og staðfestur af borgarráði. Gildistími kjarasamnings-

ins er til 31.12. 1988. Samningurinn er endurskoðaður 20.5. 1988, en sú endurskoðun hefur ekki þýðingu í þessu máli.

Í 1. mgr. 3. gr. samningsins er starfsheitum hjúkrunarfræðinga raðað í launaflokka. Í 2. mgr. sömu greinar segir síðan:

„Hjúkrunarfræðingar, aðstoðardeildarstjórar og deildarstjórar við störf á öldrunardeild, gjörgæsludeild, geðdeild, barnadeild, krabbameinsdeild og blóðskilun taki laun einum launaflokki ofar en ella. Sama gildir um heimahjúkrun á vegum Reykjavíkurborgar.“

Stefndi rekur heilsuverndarstöð Reykjavíkur við Barónsstíg. Á heilsuverndarstöðinni er sérstök barnadeild. Á þeirri deild starfar deildarstjóri, sem er BS-menntaður hjúkrunarfræðingur og félagi í Félagi háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga. Þá starfa á barnadeildinni 7 hjúkrunarfræðingar, sem eru félagar í HFÍ, þar af 6 með svokallað sérleyfi.

Að gerðum kjarasamningi aðila í apríl 1987 fengu allir ofangreindir hjúkrunarfræðingar hækkun um einn launaflokk vegna starfa á barnadeild, þ.m.t. deildarstjórinn, sem er félagi í FHH. Reyndar voru laun þeirra hjúkrunarfræðinga í HFÍ, sem hafa sérleyfi, lækkuð um einn launaflokk á sama tíma, þar sem hætt var að meta sérleyfið til eins launaflokks.

Það var því í reynd einungis hjá BS-hjúkrunarfræðingum og hjúkrunarfræðingum án sérleyfis, sem hækkunin kom fram.

Í lok desember voru hjúkrunarfræðingar án sérleyfis á barnadeildinni hækkaðir um einn launaflokk. Kom sá launaflokkur til útborgunar í fyrsta sinn í janúar 1988. Deilan í máli þessu snýst um þá ákvörðun stefnda að lækka alla hjúkrunarfræðinga, sem starfa á barnadeild heilsuverndarstöðvarinnar, um einn launaflokk þann 1.02. 1988. Lækkunin náði þó ekki til launa Maríu Guðmundsdóttur BS-hjúkrunarfræðings. Ákvörðunin um þessa lækkun var tekin einhliða af stefnda og án fyrirvara. Ekki hafa verið gefnar skriflegar skýringar á þessari ákvörðun, en hjúkrunarfræðingunum hefur verið sagt, að stefndi telji það mistök, að orðið „barnadeild“ hafi slæðst inn í texta 2. mgr. 3. gr. kjarasamningsins og það hafi a.m.k. ekki verið ætlunin, að álag vegna starfa á barnadeild næði til starfa á barnadeild heilsuverndarstöðvarinnar. Þessari afstöðu stefnda hefur verið mótmælt, m.a. í bréfi, dags. 10.6. 1988, en stefndi hefur ekki fengist til þess að breyta afstöðu sinni.

Stefnandi lýsir málsástæðum sínum og lagarökum með þessum hætti:

- A. Ekki getur talist vafi á því, að barnadeild heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg er barnadeild í skilningi 2. mgr. 3. gr. kjarasamningsins. Sést það m.a. af eftirgreindum staðreyndum:
1. Almennt er talað um barnadeild heilsuverndarstöðvarinnar. Þessi orðanotkun kemur skýrt fram í bréfum, sem skrifuð eru af embættismönnum stefnda.
 2. Þessi orðanotkun tíðkast hjá stofnuninni sjálfri, sbr. t.d. leiðbeiningarrit frá deildinni og ýmis eyðublöð.
 3. Ársskýrsla heilbrigðisráðs Reykjavíkurborgar fjallar m.a. um starfsemi Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur. Á bls. 17-60 er fjallað um skýrslur deilda. Skýrsla barnadeildar er á bls. 23-42.
 4. Í ráðningarsamningum stefnda og félaga í HFÍ kemur fram, að hjúkrunarfræðingurinn er ráðinn til starfa á „Heilsuverndarstöð Reykjavíkur Barnadeild“.
 5. Á launaseðlum kemur fram, að laun eru greidd vegna „Heilbrigðismál Barnad. Heilsuverndarst.“ Greiðslustaður er tilgreindur „Heilsvst. Barnadeild“.
 6. Starfandi er sérstakur hjúkrunardeildarstjóri yfir barnadeildinni.
- Öll framangreind atriði, hvert fyrir sig eða öll saman, leiða til þess, að óhjákvæmilegt er að komast að þeirri niðurstöðu, að um starf á barnadeild sé að ræða. Sé orði í kjarasamningi ætlað að hafa aðra merkingu en þá, sem almenn er, yrði að taka slíkt fram.
- B. Telja verður, að Reykjavíkurborg sé skylt að túlka ákvæði í kjarasamningi við félaga í HFÍ með sama hætti og hún túlkar það gagnvart FHH. María Guðmundsdóttir, deildarstjóri barnadeildar, fær greiddan einn launaflokk fyrir störf á barnadeild, en félagar HFÍ fá það ekki.
- C. Á því er byggt, að stefnda sé óheimilt að breyta einhliða túlkun kjarasamningsins á miðju samningstímabilinu. Sannað er með framlagningu, að launaseðill greiddur var einn launaflokkur aukalega fyrir starf á barnadeild tímabilið 1.4. 1987 til 1.2. 1988, en þann dag felldi stefndi greiðsluna einhliða niður.
- D. Byggt er á þeirri skýru meginreglu um túlkun kjarasamninga,

að þá skuli túlka skv. hinum skráða texta, nema samningsaðilar séu sammála um annað. Þessi regla á örugga stoð í dómi Félagsdóms frá 30.10. 1987 í máli Hins íslenska kennarafélags gegn ríkissjóði.

Hér verður sérstaklega að hafa í huga, að kjarasamningurinn er gerður með þeim hætti, að efni hans er borið undir atkvæði félagsmanna í HFÍ, sem fæstir koma nokkuð nærri sjálfri samningsgerðinni. Afstaða manna í slíkri atkvæðagreiðslu mótast af texta samningsins, eins og hann verður lesinn og skilinn eðlilegum skilningi. Af þessu leiðir, að sá skýringarkostur að leita að vilja þeirra, sem tóku þátt í samningsgerðinni sjálfri, er síður nothæfur við túlkun kollektívra samninga. Hér skal bent á, að félagar HFÍ, sem starfa hjá stefnda, felldu samninginn frá 24.3. í atkvæðagreiðslu, en samþykktu samninginn frá 30.4. Hið umdeilda atriði er hluti af breytingunni milli samninganna.

II.

Stefndi bendir á, að mál þetta snúist um skilning á kjarasamningi, sem verði ekki skýrður, nema upplýst séu atvik öll við gerð hans, þ. á m. aðdragandi og tilgangur. Hann telur atvikalýsingu stefnanda ófullkomna og bætir þessu við:

Hér skipta fjórir kjarasamningar við hjúkrunarfræðinga máli:

1. Samningur 24. mars 1987.

Aðilar þessa samnings eru fjórir, ríkið, Reykjavíkurborg, Landakotsspítali og Hjúkrunarfélag Íslands (HFÍ).

Við atkvæðagreiðslu í HFÍ fór svo, að hjá ríkinu samþykktu hjúkrunarfræðingar þennan samning, en felldu hann hjá Reykjavíkurborg og Landakoti.

2. Samningur 14. apríl 1987.

Meðan ósamið var hjá Reykjavíkurborg og Landakoti, gerðist það, að ríkið gerði kjarasamning við Félag háskólamenntaða hjúkrunarfræðinga. Það félag kemur hvorki við Reykjavíkurborg né Landakot, og komu fulltrúar þessara aðila hvergi nærri þessari samningsgerð.

3. Samningur 30. apríl 1987.

Ofangreindan dag komu saman til samningaviðræðna í húsnæði fjármálaráðuneytisins að Borgartúni 6 fulltrúar HFÍ, Reykjavíkurborgar, Landakots og ríkisins. Viðræður þessar leiddu til samkomulags um nýjan kjarasamning, sem undirritaður var af fulltrúum HFÍ, Reykjavíkurborgar og Landakots.

Hér er ástæða til að nefna tvennt, sem einkennir samning þennan:

- a. Í hann eru tekin upp orðrétt ákvæði úr samningi ríkisins við Fél. háskólum. hjúkrunarfræðinga frá 14. apríl.
- b. Í samningnum eru ýmis atriði, sem eingöngu eiga við hjá ríkinu, en varða hvorki Reykjavíkurborg né Landakot.

4. Samningur ríkisins og HFÍ 18. maí 1987.

Loks gerðist það, að ríkið og HFÍ undirrituðu nýjan samning 18. maí. Er hann í aðalatriðum samhljóða samningi HFÍ við Reykjavíkurborg og Landakot frá 30. apríl.

Ágreiningsefni þessa máls er það, hvort orðið „barnadeild“ í 2. mgr. 3. gr. samnings aðila frá 30. apríl 1987 feli það í sér, að samið hafi verið um sérstaka launaflokkshækkun þeirra hjúkrunarfræðinga, sem vinni við ungbarnaeftirlit á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Að dómi stefnda er útilokað, að um þetta hafi verið samið, eins og hér mun rakið.

Þess er fyrst að geta, að orðið barnadeild eitt sér hefur nákvæmlega enga merkingu hjá Reykjavíkurborg. Samkvæmt 19. gr. 1. nr. 59/1983 um heilsugæslu er ungbarna- og smábarnavernd ein grein heilsuverndar, sem heilsugæslustöðvar eiga að annast. Hvergi í lögum, kjarasamningum eða daglegu máli er að finna lýsingu eða skilgreiningu á þessu verkefni, og gengur þessi þáttur heilsuverndar undir mörgum nöfnum í opinberum gögnum, eins og mörg framlögð dæmi sýna.

Á þeim sést, að það nær engri átt að grípa orðið barnadeild samhengis- og skýringarlaust í kjarasamningi og ákveða, að í því felist svo undarlegt nýmæli sem það, að örfáir starfsmenn á einum vinnustað eigi að fá kauphækkun, en engir aðrir, sem sömu störf vinna samkvæmt sama samningi og raunar tveimur öðrum samhljóða samningum. Til þess að komast að þeirri niðurstöðu yrði efni og orðalag samningsins að vera skýrt og ótvírátt og framkvæmanlegt af viti í slíkum skilningi. Hér er því ekki að heilsa. Stefnandi byggir á orðinu barnadeild *og engu öðru*. Það er af og frá, að þetta orðalag sé fortakslaust og ekki heil brú í því að skýra það svo, að það eigi við hjúkrunarfræðinga á einni heilsugæslustöð, en ekki öðrum. Gildir einu, hvort þær heilsugæslustöðvar eru reknar af Reykjavíkurborg, ríkinu eða öðrum, því að þetta orð, barnadeild, er að finna með sama hætti í öllum samningum hjúkrunarfræðinga. Ríkið greiðir 29 hjúkrunarfræðingum laun á heilsugæslustöðvum í

Reykjavík og á Seltjarnarnesi, og ríkir undarleg þögn um, að þar eigi að greiða sömu laun fyrir sömu vinnu og hjá einni barnadeild hjá borginni.

Útilokað er, að gerður hefði verið kjarasamningur þess efnis, sem stefnandi heldur fram, án þess að samningsaðilar hefður rætt það sérstaklega og ýtarlega sín á milli og væntanlega á grundvelli kröfugerðar í þá átt. Raunveruleikinn er hins vegar sá, að engin slík kröfugerð kom fram og að á barnadeild Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík var aldrei minnst í samningaviðræðum aðila hinn 10. apríl 1987.

En það er ekki einungis svo, að skýring stefnanda á orðinu barnadeild í kjarasamningnum sé úr tengslum við raunveruleikann. Við blasir önnur skýring, eðlileg og sjálfsgöð og í fullu samræmi við gang allra samningaviðræðna við hjúkrunarfræðinga og efni samninganna.

Í samningnum frá 24. mars 1987 er ótvírætt verið að fjalla um störf á sjúkrahúsum, þegar talin eru upp störf á sérdeildum, sem njóta eiga flokkshækkunar. Með skýru og óyggjandi orðalagi er svo bætt við „heimahjúkrun á vegum Reykjavíkurborgar“, og fer þar ekki á milli mála, hvað við er átt.

Það, sem gerist næst, er samningur ríkisins við háskólamentaða hjúkrunarfræðinga. Þar er þetta samningsákvæði umorðað og við upptalingu deilda bætt störfum við þrjár sérdeildir sjúkrahúsa, *barnadeild, krabbameinsdeild og blóðskilun.*

Það er nákvæmlega þetta samningsákvæði, sem óbreytt og umræðulaust er tekið upp í samninginn frá 30. apríl. Og ekkert er auðveldara en að sjá, hvers vegna það er gert.

Sömu samningsaðilar og sömdu 24. mars sitja við samningaborð. Búið er að semja við háskólamentaða hjúkrunarfræðinga hjá ríkinu um þessar sérdeildir, og öllum er ljóst, að semja þarf við hjúkrunarfræðinga í HFÍ hjá ríkinu í kjölfar samninga Reykjavíkurborgar og Landakots. Allur samningurinn frá 30. apríl ber merki þessa samhengis. Bersýnilega er verið að gera heildarsamning ríkisins, Reykjavíkurborgar og Landakots við HFÍ, og kemur það fram í því, að ýmis samningsákvæði varða hvorugan þann vinnuveitanda, sem undirritar samninginn.

Rökrétt framhald af öllu þessu er svo samningur ríkisins og HFÍ 18. maí, þar sem samið er með sama orðalagi um allt þetta efni,

þ. á m. barnadeild og raunar flest annað, sem um var samið 30. apríl.

Enginn vafi er á því, hvað átt er við með barnadeild í öllum þessum samningum. Það merkir sérdeild (legudeild) á sjúkrahúsi (þ. á m. Landakoti) og millilending orðsins í samningi, sem Reykjavíkurborg gerði með þeim hætti, sem hér hefur verið lýst, hefur enga aðra merkingu, allra síst svo óskýra og langsóttá sem stefnandi heldur fram.

Tilfni þessa dómsmáls er alls ekki kjarasamningur aðila, heldur mistök óreynds starfsmanns launadeildar Reykjavíkurborgar við úrvinnslu hans. Mistökin voru afleit og eiga ekki að koma fyrir, en þau fela ekki í sér nýjan kjarasamning. Samningur um kaup og kjör eru vandmeðfarnir og auðvelt að misskilja þá í dagsins önn, einkum þegar miklar breytingar eiga sér stað eins og í þetta skipti. Fleiri en umræddur starfsmaður launadeildar virðast hafa átt erfitt með að skilja þessa samninga rétt. Má þar nefna heilbrigðisráðuneytið, sbr. bréf, dags. 6. júlí 1987, og lögmann stefnanda, sem í stefnu talar um „lækkun um launaflokk“, þegar allir fengu hækkun.

Sérstök ástæða er til að vekja athygli á viðbrögðum aðila, einkum fulltrúa HFÍ, eftir að mistökin hjá borginni komu í ljós. Visast um það til fundargerðar samstarfsnefndar ríkisins og HFÍ frá 14. okt. 1987. Í 10. lið er þar fjallað um bréf frá Heilsugæslustöðinni á Akureyri, þar sem farið er fram á launaflokkshækkun „vegna starfa á sérdeildum skv. upptalningu í 2. mgr. 3. gr. kjarasamnings aðila frá 18.5. 1987“. Þetta er sama ákvæðið og hjá Reykjavíkurborg, og bréfið frá Akureyri varð til þess, að mistökin hjá borginni komu í ljós. En hvað sögðu samningsaðilar ríkisins og HFÍ um skilning á þessu ákvæði? Um það stendur í fundargerðinni:

„Með 2. mgr. 3. greinar hefur hingað til ætíð verið átt við störf á sjúkrahúsum.“

Í fundargerð starfskjaranefndar Reykjavíkurborgar frá 10. mars 1988, 4. mál, eru bókaðar umræður um þetta ákvæði, en engin efnisleg afstaða fulltrúa HFÍ kemur þar fram.

Loks er þetta mál rætt á ný í samstarfsnefnd ríkisins og HFÍ 2. maí 1988 að viðstöddum fulltrúum Reykjavíkurborgar. Fundargerð nefndarinnar er á dskj. nr. 29, og er þetta 6. liður hennar. Þar segir m.a.:

„Það er sameiginleg túlkun ríkisins og Reykjavíkurborgar, að frá upphafi hafi eingöngu verið átt við deildir á sjúkrahúsum, og er því ekki mótmælt af HFÍ.“

Rétt er að hafa í huga varðandi samninga hjúkrunarfræðinga almennt, að ríkið er ekki einungis langstærsti viðsemjandi þeirra og forystuaðili um alla samningsgerð, heldur greiðir það einnig mestan hluta kostnaðar við sjúkrahús og heilsugæslu annarra aðila. Samningar annarra eru því oftast einföld umorðun á samningum ríkisins. Í þessu ljósi verður að skoða samninginn frá 30. apríl 1987. Við bætist, að samkvæmt þágildandi lögum átti ríkið að taka við heilsugæslunni í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur í árslok. Liggur í augum uppi, hve óeðlilegt það hefði verið við þessar aðstæður, ef samningamenn ríkisins hefðu tekið þátt í að skapa það einkennilega samningsafbrigði á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, sem stefnandi telur, að gert hafi verið.

Við túlkun kjarasamninga sem og annarra samninga skiptir máli að finna, hver var vilji aðila við samningsgerðina. Sá vilji ræður alveg, þótt hann sé ekki í samræmi við orðalag. Ekki skiptir síður máli að finna út, hvað samningsaðilar höfðu í huga, ef merking orða orkar tvímælis. Þá gildir að skoða samningsgerðina í heild, efni hennar og tilgang. Vafaatriði verður að skýra í samræmi við önnur ákvæði, svo að niðurstaðan verði skynsamleg og framkvæmanleg, oft um langa framtíð. Hið umdeilda samningsákvæði í þessu máli er undantekningarregla um röðun hjúkrunarfræðinga í launaflokka, sem skylt er að skýra þröngt samkvæmt almennum skýringarreglum kjarasamninga. Samningsákvæði geti eftir orðanna hljóðan og almennum skilningi leitt til niðurstöðu, sem sé langt frá því, sem samningsaðilar hafi haft í huga. Skýringarreglur kveði þá á um, að slíka niðurstöðu beri að forðast, enda hafi samningsaðilar hvorki orðað slíkt né haft í huga. Fræðimenn séu sammála um, að þessar skýringarreglur beri að virða við túlkun kjarasamninga, og í þessu máli sé ljóst, að hvorki hafi verið nefnt né haft í huga, að barnadeild Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík félli undir upp-talninguna í 2. mgr. 3. gr. kjarasamningsins.

III.

Ágreiningur málsaðila snýst um það, hvort barnadeild Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg í Reykjavík sé barnadeild í skilningi 2. mgr. 3. gr. kjarasamnings aðila frá 3. apríl 1987.

Í 1. mgr. nefndrar 3. gr. kjarasamnings aðila er starfsheitum hjúkrunarfræðinga raðað í launaflokka.

2. mgr. 3. gr. hljóðar svo:

„Hjúkrunarfræðingar, aðstoðardeildarstjórar og deildarstjórar við störf á öldrunardeild, gjörgæsludeild, geðdeild, barnadeild, krabbameinsdeild og við blóðskilun taki laun einum launaflokki ofar en ella. Sama gildir um heimahjúkrun á vegum Reykjavíkurborgar.“

Óumdeilt er, að barnadeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur er eina barnadeildin á vegum stefnda, Reykjavíkurborgar. Telja verður því, að orðið „barnadeild“ í kjarasamningi aðila vísi til þeirrar deildar, enda er ekkert, sem bendir afdráttarlaust til þeirrar skoðunar stefnda, að upptalninguna í 2. mgr. 3. gr. samningsins hafi átt að einskorða við legudeildir á sjúkrahúsum. Ber því að taka kröfur stefnanda til greina.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn málskostnað.

D ó m s o r ð:

Hjúkrunarfræðingar, sem eru félagsmenn stefnanda, Hjúkrunarfélags Íslands, og starfa á barnadeild Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg í Reykjavík, taki laun einum launaflokki ofar en ella vegna ákvæðis 2. mgr. 3. gr. kjarasamnings aðila frá 30. apríl 1987.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar E. Guðjónssonar og Björns Helgasonar.

Þegar litið er til aðdraganda að gerð kjarasamnings stefnanda og stefnda, dags. 30. apríl 1987, eins og honum er lýst í skjölum málsins, og haft er í huga það misræmi, sem túlkun meiri hluta dómenda myndi valda í kjörum félagsmanna stefnanda, þykir eðlilegt að túlka orðið „barnadeild“ í 2. mgr. 3. gr. téðs samnings þannig, að með því sé eingöngu átt við barnadeildir sjúkrahúsa, enda er sams konar ákvæði í kjarasamningi fjármálaráðherra og stefnanda ómótmælt túlkað á þann veg. Barnadeild Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg í Reykjavík telst ekki vera deild á sjúkrahúsi. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Málskostnaður falli niður.